

Mál nr. 346/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Bótaskyldur kostnaður. Sjúkrakostnaður.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 1. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 31. október 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 17. ágúst 2023 slasaðist M er bifreið A var ekið aftan á bifreið B sem M var farþegi í. Einnig kemur fram að ágreiningur er milli aðila um greiðslu kostnaðar vegna öflunar vottorðs frá heimilislækni í tengslum við fyrirhugað mat á afleiðingum slyssins. Nánar tiltekið sé um að ræða reikning að fjárhæð kr. 112.500 sem V hafni að greiða þar sem það hafi verið ónaúðsynlegt að óska eftir vottorðinu. Í málskoti kemur fram að óskað hafi verið eftir vottorðinu sem lið í gagnaöflun vegna afleiðinga slyssins. Því hafi beiðni um vottorð verið sendi heimilislækni M enda hafi M eftir slysið aðallega verið sinnt af læknum á þeirri heilsugæslu sem um ræðir auk þess sem hún hafi leitað þangað vegna fyrri heilsufarsvandamála. Hafi umrætt vottorð sem barst 22. júlí 2024 verið sent til V. Í málskoti kemur einnig fram að í tölvupósti 13. september 2024 hafi V gert athugasemd við öflun vottorðsins. Hafi V talið að nægjanlegt hefði verið að fá viðbótarfærslur úr sjúkraskrá M í stað vottorðsins enda bæti það engum upplýsingum við sem ekki má finna í sjúkraskránni. Þá hafi V gert athugasemd við að vottorðið stafaði ekki frá meðferðarlækni M. V hafi hins vegar ekki tekið afstöðu til greiðslu vottorðsins í umræddum tölvupósti. Að lokinni gagnöflun hafi aðilar orðið sammála um hvernig skyldi staðið að mati á afleiðingum slyssins. Eftir að matið lá fyrir hafi V þann 25. júní 2025 greitt bætur í samræmi við niðurstöðu þess. Með tölvupósti dags. 27. júní 2025 hafi V hins vegar með vísan í fyrri tölvupóst frá 13. september 2024, hafnað að greiða kostnaðinn vegna öflunar vottorðsins. M sem telur með vísan í 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að V beri að greiða þann kostnað, bendir á eftirfarandi því til stuðnings. M telur að kostnaðurinn vegna öflunar vottorðsins hafi verið eðlilegur. Eru færð ítarleg rök því til stuðnings. Þá bendir M á að í fyrirliggjandi matsgerð sem lögð var til grundvallar uppgjöri í málinu hafi verið byggt á vottorðinu og því sem þar komi fram. Þá hafi kostnaðurinn við gerð vottorðsins verið í samræmi við þá vinnu sem lækniurinn lagði í gerð þess enda hafi hann farið yfir um 2000 færslur úr sjúkraskrá auk þess sem að í vottorðinu sé fjallað heildstætt um heilsufar M fyrir og eftir slysið. Þá hafnar M því að það eigi að hafa áhrif á sönnunargildi vottorðsins að meðferðarlæknir M skrifaði það ekki. Máli sínu til enn frekari stuðnings bendir M á að þegar vottorðið ásamt reikningi hafi verið sent V í júlí 2024 hafi engin viðbrögð borist frá V. Eftir það tímamark hafi hins vegar verið gengið frá matsbeiðni í samráði við V sem hafi skilað athugasemdum til matsmanns í ágústbyrjun 2024 þar sem hvergi hafi verið vikið að því að líta bæri fram hjá vottorðinu við matið, eða að það væri ekki nauðsynlegt gagn fyrir matið. Þvert á móti hafi V byggt athugasemdir sínar á upplýsingum úr umræddu vottorði varðandi fyrri heilsufar M. Það hafi því ekki verið fyrr en 13. september 2024 sem athugasemdir varðandi vottorðið hafi borist frá V og greiðslu þess hafnað. Hins vegar hafi þá ekki verið gerð nein krafa um að matsmaðurinn myndi horfa fram hjá því við matið. M vill því meina að matsmaður hafi staðfest að vottorðið hafi verið nauðsynlegt gagn í málinu. Því verði að telja að eðlilegt sé að V beri kostnaðinn við öflun þess. Máli sínu til enn frekari stuðnings vísar M að lokum til tiltekinna dóma.

Í athugasemdum V, eru færð ítarleg rök fyrir því að kostnaður við öflun vottorðsins hafi hvorki verið eðlilegur né nauðsynlegur til þess að hægt væri að meta afleiðingar af slysi M. Því beri V ekki skylda til þess að greiða hann úr ábyrgðartryggingu A. Fyrst og fremst hníga rök V að því að í vottorðinu hafi í raun ekki verið að finna upplýsingar sem ekki hafi mátt lesa út úr sjúkraskrá M ef hún hefði öll legið fyrir. Því hefði rétta leiðin verið sú að afla sjúkraskrárinnar í heild í stað þess að fá vottorðið með þeim umtalsverða aukakostnaði sem því fylgdi. Þá gerði V athugasemdir við hvernig lækniurinn stóð að gerð vottorðsins. Auk framangreinds bendir V á að það leiði af skyldu M til að takmarka tjón sitt að honum beri að stilla kostnaði við gagnaöflun í hóf. Telur V að M hafi vanrækt þá skyldu sína .

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort V beri að greiða kostnað M vegna öflunar læknisvottorðs. Fjárhæð sú sem um er deilt er kr. 112.500. Eins og komið hefur fram færði V ítarleg rök því til stuðnings að kostnaður við öflun vottorðsins hafi hvorki verið eðlilegur né nauðsynlegur til þess að hægt væri að meta afleiðingar af slysi M. Það hefði einfaldlega dugað að óska eftir sjúkraskrá M hjá viðkomandi heilsugæslu fyrir og eftir slysið.

Samkvæmt meginreglu skaðabóta- og vátryggingaréttar skal tjónþoli gera það sem með sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón sitt. Skylda M takmarkast þannig við að gera það sem sanngjarnt er að ætlast til af honum. Hér gildi því eins og endranær um gagnaöflun í líkamstjónamálum að M bar skylda til að gera sitt til þess að kostnaði vegna gagnaöflunar yrði stillt í hóf. Með þetta í huga tekur nefndin undir það með V að þegar horft er til innihalds vottorðsins sé kostnaðurinn vegna öflunar þess mikill, sérstaklega þegar það er haft í huga að það virðist fyrst og fremst innihalda upplýsingar sem liggja fyrir í sjúkraskrá M. Eftir á að hyggja hefði það því verið réttara, séð í ljósi bótatakþörskunarskyldu M, að óska aðeins eftir sjúkraskrá M bæði fyrir og eftir slysið 2023. Þrátt fyrir framangreint bendir nefndin einnig á að það er eðlilegt að matsmaður fái í hendur upplýsingar frá heilsugæslu um fyrra heilsufar M og meðferð í kjölfar slyssins 2023. Þá hefur V ekki lagt fram nein gögn sem benda til þess að lögmanni M hafi verið bent á það áður en óskað var eftir hinu umþrætta vottorði að V teldi rétt að einungis yrði óskað eftir sjúkraskrá M. Því telur nefndin ekki að V hafi sýnt fram á að það hafi verið óeðlilegt af hálfu lögmanns M að óska eftir vottorðinu. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að eins og málið liggur fyrir feli öflun vottorðsins í sér eðlilega gagnaöflun. Því sé um að ræða sjúkrakostnað sem V beri að greiða úr ábyrgðartryggingu A sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á endurgreiðslu kostnaðar að fjárhæð kr. 112.500 vegna læknisvottorðs, úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 3. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir